

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *47. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 10. jan. 2013, kl 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fulltrúar Landsvirkjunar mæta til fundarins.
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 17. des.
4. Umsögn um gjaldskrá Brunavarna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.
5. Erindi frá Landgræðslu ríkisins dags. 3. janúar, ósk um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.
6. Bréf frá Jóni Helga Björnssyni f.h. Leigufélags Hvamms, ósk um hækkun yfirdráttarheimildar.
7. Bréf nemenda 8-10 bekkjar Reykjahlíðarskóla.

Til kynningar:

Bréf frá Hreini Halldórssyni, vegamálastjóra dags. 26. nóv.

Bréf frá Halldóri Valdimarssyni f.h. Gafis, félags um þingeyskan byggingararf.

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga dags. 4. des.

Fundargerð stjórnar Hvamms dags. 10. des.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Pétur Snæbjörnsson, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 6 og 7, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Fulltrúar Landsvirkjunar mæta til fundarins.

Til fundarins mættu fulltrúar Landsvirkjunar, Árni Gunnarsson, Jón H. Gestsson, Valur Knútsson, Ivan Stefán Cilla og kynntu hugmyndir að væntanlegri stöðvarhúsbyggingu og framkvæmdum í Bjarnarflagi. Undir þessum lið mættu einnig nefndarmenn Skipulags- og umhverfisnefndar Margrét Hólm Valsdóttir og Birgir Steingrímsson.

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 17. des.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar kemur fram að Pétur Snæbjörnsson hafi óskað eftir að Skipulags- og umhverfisnefnd tæki til umræðu tjöldun utan skipulagðra tjaldsvæða og almennt um skort á merkingum hvort sem er göngu-hjóla og reiðstíga, vegamerkingar, merkingar fyrir áningarstaði við þjóðveginn og fl.

Varðandi tjöldun utan skipulagðra tjaldsvæða er bent á að í tillögu að aðalskipulagi Skútustaðahrepps eru ákvæði um að tjöldun á víðavangi sé óheimil, sama ákvæði er í verndaráætlun UST og í reglugerð um verndun Mývatns og Laxár. Þrátt fyrir þetta ákvæði er þetta stöðugt og mjög vaxandi vandamál enda ekkert eftirlit með því. Ræða þurfi hver á að hafa eftirlit með þessu, og svo hvort og hvaða refsingum hægt er að beita og hvaða úrræði eru fyrir hendi til að leysa þetta vandamál.

Hvað merkingar varðar þá á það við um almennar vegamerkingar, svo sem leiðir á áfangastaði, stöðvunarheimildir, bílastæðaheimildir og þess háttar auk göngu-, hjóla- og reiðleiða. Algengt er að gestir Mývatnssveitar stöðvi ökutæki sín á ólíklegustu stöðum til að njóta útsýnis eða rýna í kort, slíkt skapar oft á tíðum mikla hættu fyrir aðra vegfarendur. Opinberir áningarstaðir gætu verið rétt handan við hornið en eru ómerktir með öllu. Þá skapast oft mikil hætt fyrir gangandi og hjólandi umferð á þjóðveginum.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur fram eftirfarandi bókun og tillögur til úrbóta:

„Bókun um tjaldstæði á víðavangi:

Umhverfis og skipulagsnefnd Skútustaðahrepps vekur athygli sveitarstjórnarinnar á því að í drögum að nýju aðalskipulagi sem og í Verndaráætlun Mývatns og Laxár eru ákvæði sem banna tjaldstæði á víðavangi. Næg framboð eru af vel reknum tjaldstæðum í hreppnum, sem er leyfisskyld starfsemi og er banninu meðal annars ætlað að tryggja rekstrargrundvöll þeirra, koma í veg fyrir óþrif á víðavangi og að ekki rísi tjaldbúðir á eftirsóttum áningarstöðum gesta eins og til dæmis við Grjótagjá. Það er skoðun nefndarinnar að tilgangslaust sé að hafa bann af þessu tagi í samþykktum og reglum sé engin eftirfylgni með framkvæmdinni. Nefndin leggur til

við sveitarstjórnina og hún feli Mývatnsstofu það hlutverk. Þannig að bætt verði ákvæðum þar um í þjónustusamning hreppsins við Mývatnsstofu.

Bókun um merkingar:

1.

Mikil og vaxandi umferð gangandi vegfarenda er á þjóðvegum í hreppnum. Af þessu skapast mikil óþægindi fyrir akandi vegfarendur, svo ekki sé minnst á mikla slyshættu hinna gangandi, það er skoðun nefndarinnar að mikilvægt sé að bregðast við þessu vandamáli nú þegar. Ein helsta ástæða þess er að ekki eru sérstakar gönguleiðir merktar á milli staða. Slíkt er þó víða mögulegt án mikils tilkostnaðar, sem dæmi má nefna:

Reykjahlíð í Jarðböðin eftir gamla þjóðveginum.

Reykjahlíð – Vogar meðfram hitaveituleiðinni gegnum Kambinn.

Reykjahlíð – Grímsstaðir eftir gamla þjóðveginum

Skútustaðir-Garður eftir gamla þjóðveginum

Hugsanlega eru fleiri spottar mögulegir séu málin skoðuð í þaula. Nefndin beinir því til sveitarstjórnarinnar að hlutast til um að ofangreindar leiðir verði opnar almenningi til gangandi umferðar og merktar sem slíkar fyrir komandi sumar.

2.

Merkingum í hreppnum sem og við innkomuleiðir er að mörgu leyti ábótavant. Við innkomu í hreppinn á þjóðvegi eitt eru gömul skilti frá tímum Náttúruverndar ríkisins og verndarlaganna frá 1974. Nefndin leggur til við sveitarstjórnina að hún hlutist til um að við allar almennar innkomuleiðir í hreppinn verði komið fyrir fallegum skiltum er bjóða gesti velkomna og þakka fyrir komuna á bakhliðinni. Þá er nauðsynlegt að á áningarstöðum Vegagerðarinnar við innkomuleiðir verði settar almennar umgengnisreglur og upplýsingar, til dæmis um að tjöldun á víðavangi sé óheimil og mikil umferð gangandi og hjólandi vegfarenda krefjist athygli vegfarenda.

Merkingar áningarstaða eru ekki alltaf góðar hér hjá okkur, nægir að nefna áningarstaðinn við Geitabrekku í því sambandi. Þá eru almennar umferðarmerkingar ekki góðar og of langt mál að tíunda slíkt hér, það þarfnast sérstakrar úttektar. Nefndin beinir því til sveitarstjórnarinnar að hlutast til um að úr þessu verði bætt í samvinnu við Vegagerðina fyrir komandi sumar.

Tillögur að úrbótum í vegamerkingum og umferðaröryggismálum.

- Sett verði stór skilti við allar innkomuleiðir í Mývatnssveit, á þjóðvegi 1 og 87, sem bjóði gesti velkomna á nokkrum tungumálum.
- Bílastæði við Vagnbrekku við gönguleið að Vindbelg verði endurbætt m.t.t. umferðaröryggis.
- Sett verði hraðahindrun á þjóðveg 1 móts við afleggjarann á vegi númer 850. Mikill hraði er á umferð frá norðri inní Reykjahlíðarþorp en ætla á að gatnamót sunnan Bjargs og kröpp beygja á Stórugjánhrygg virki sem hraðahindranir úr suðri. Því er minni þörf á sérstökum hraðahindrunum þar.
- Gangbraut og gangbrautarkerki móts við Hótel Reynihlíð og Mývatnsstofu.
- Gangbraut og gangbrautarkerki í Vogum móts við Björk og/eða Vogafjósíð.

- *Sett verði merki “bannað að stöðva og leggja ökutæki” með jöfnu millibili í Markhraun og annars staðar þar sem mikið er um blindhæðir og blindbeygjur.*
- *Áningarstaður í Geitabrekku verði merktur báðum megin frá*
- *Gangbraut og gangbrautarkerki á Skútustöðum skv. nánari athugun á staðsetningu.*
- *Gerður verði einn áningarstaður á Þjóðvegi 1 norðan Mývatns og hann merktur.*
- *Vegmerking á Bæjaröxl norðan Grímsstaða verði löguð og veiti nauðsynlegar upplýsingar fyrir vegfarendur. Einnig þarf að merkja áningarstað á sama stað.*
- *Merkja áningarstað á Þjóðvegi 87 á Sandvatnsbrekku neðri.*
- *Athuga sérstakar merkingar á upplýsingaskiltum við Dalborg, á Námafjalli og í Skjólbrekku við afleggjarann að Stöng.*
- *Á upplýsingaskiltum Vegagerðarinnar sé athygli ökumanna vakin á mikilli gangandi og hjólandi umferð á sumrin og þeir hvattir til að sýna henni tillitssemi.“*

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekin fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi hótellóðar í landi Arnarvatns. Tillagan var kynnt á almennum fundi 8. okt. s.l. skv. 4. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010 frá og með 26. okt. til og með 7. desember 2012. Engar athugasemdir bárust.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að tillaga að deiliskipulagi hótellóðar í landi Arnarvatns verði samþykkt samhliða samþykkt á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og að skipulagsfulltrúa verði falin framkvæmd málsins skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 123/2010.

Í þriðja lið fundargerðarinnar er tekin fyrir að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi Birkilands, frístundabyggðar í landi Voga 3. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum í sept. 2010 að grenndarkynna breytinguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi. Breytingin var grenndarkynnt og engar athugasemdir bárust.

Skipulagsstofnun gerði hins vegar athugasemdir við að Skútustaðahreppur birti auglýsingu um samþykki deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem stofnunin taldi að 50% aukning á leyfilegu byggingarmagni væri ekki óveruleg breyting og að auglýsa hefði átt breytinguna sem verulega breytingu á deiliskipulagi. Deiliskipulagstillagana var auglýst að nýju skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010, frá og með 26. okt. til og með 7. des. 2012. Engar athugasemdir bárust.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar, Birkilands í landi Voga 3, veðri samþykkt samhliða samþykkt á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og að skipulagsfulltrúa verði falin framkvæmd málsins skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 123/2010.

Í fjórða lið fundargerðarinnar er tekin fyrir breyting á deiliskipulagi í Drekgili. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 15. apríl 2010 að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi í Drekgili. Breytingin snerist ekki um meginatriði skipulagsins og fól ekki í sér neina stefnubreytingu um nýtingu svæðisins heldur var eingöngu verið gera tillögu að breytingu á deiliskipulaginu til að stækka byggingarreit svo hægt væri að koma fyrir áhaldageymslu við hið nýja landvarðarhús sem þar er. Breytingin var grenndarkynnt en engar athugasemdir bárust.

Grenndarkynningin fékk ekki endanlega afreiðslu og var því tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi í Drekgil tekin til meðferðar að nýju skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan var grenndarkynnt með grenndarkynningarbréfi dags. 24. október 2012.

Grenndarkynning stóð frá og með 26. október til og með 23. nóvember 2012. Engar athugasemdir bárust.

Þar sem engar athugasemdir við tillöguna bárust í grenndarkynningunni er ekki þörf á að taka hana aftur fyrir í sveitarstjórn, skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulagsfulltrúa að annast gildistöku tillögunnar skv. 4. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í fimmta lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi dags. 13. desember 2012 frá Birni Yngvasyni, Skútustöðum II, þar sem óskað er eftir því að breyting á tillögu að deiliskipulagi ferðapjónustusvæðis í landi Skútustaða II verði tekin til afgreiðslu skv. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010. Fyrri tillaga var samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps en Skipulagsstofnun lagðist gegn því að gildistaka tillögunnar yrði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda vegna ágalla á tillögunni.

Meðfylgjandi er breyttur deiliskipulagsuppdráttur með greinargerð dags. 30.

nóvember frá Mannviti, verkfræðistofu á Húsavík þar sem brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að um minni háttar breytingar á fyrri tillögu sé að ræða sem hafi verið auglýst og samþykkt af sveitarstjórn og þar að auki liggi fyrir allar meginforsendur í aðalskipulagi.

Nefndin leggur því til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010.

Í sjötta lið er tekið fyrir nýju erindi dags. 15. nóvember 2012 frá Árna Gunnarssyni yfirverkefnastjóra Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir heimild skipulagsnefndar Skútustaðahrepps til þess að vinna og leggja fram tillögu að deiliskipulagi efnistökusvæðis í Sandskarði sunnan Svarthóls (svæði 377-E í auglýstri tillögu að aðalskipulagi Skútustaðahrepps) á sinn kostnað sbr. 38. gr. laga nr. 123/2010.

Verkefnið er unnið í samvinnu við og með samþykki landeigenda Voga. Skipulags- og umhverfisnefnd bókaði á síðasta fundi sínum að þar sem allar meginforsendur skipulagsins lögju ekki fyrir í drögum að aðalskipulagi sé nauðsynlegt að láta vinna skipulagslýsingu skv. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010 áður en deiliskipulagstillagan verður tekin til umfjöllunar í nefndinni. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 12. desember 2012 að heimila umsækjanda að vinna og leggja fram tillögu að deiliskipulagi. Borist hafa drög að skipulagslýsingu dags. 13. desember 2012 frá Stapa ehf. jarðfræðistofu og Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við drög að skipulagslýsingu á þessu stigi að öðru leyti en því, að hún telur mikilvægt að námunni verði haldið opinni til áframhaldandi malartekju að loknum virkjunarframkvæmdum reynist efnið gott og það hentugt m.a. til steypugerðar.

Í sjöunda lið er tekið fyrir að nýju erindi dags. 8. október 2012 frá Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f. h. Vogafjós ehf. þar sem hún sækir um heimild til viðbyggingar við núverandi Vogafjós, 8 m til vesturs skv. meðfylgjandi teikningum dags 9. október 2012 frá verkfræðistofunni Mannviti á Húsavík. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti á fundi sínum 15. október að grenndarkynna erindið og var það grenndarkynnt skv. 44. gr. laga nr. 123/2010 frá og með 30. október til og með 27. nóvember 2012.

Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Hjördísi Sigríði Albertsdóttur fyrir sína hönd og erfingja Hólma, Þórhalli Kristjánssyni, Björk og Jóhanni F. Kristjánssyni. Í fundargerðinni er gerð grein fyrir öllum athugasemdum sem bárust og svör nefndarinnar við þeim.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að fallist verði á fyrirhugaðar framkvæmdir enda séu þær fyrst og fremst ætlaðar til að uppfylla starfsleyfis skyldu skilyrði sem gerð eru til reksturs veitingahúsa.

Nefndin setur þó eftirfarandi skilyrði:

1. Skipulagsfulltrúa verði falið að ræða við eigendur Vogafjós um það hvernig koma megi til móts við sjónarmið nefndarinnar sem fram koma í fyrrgreindum svörum.
2. Engar frekari byggingarframkvæmdir verði leyfðar í Vogum nema fyrir liggi samþykkt deiliskipulag.
3. Umhverfisstofnun fallist á fyrirhugaðar framkvæmdir með vísan til laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á eftirfarandi liðum fundargerðarinnar 2, 3, 4,5 og 6. Miklar og heitar umræður urðu um afgreiðslu nefndarinnar á lið 1. Sveitarstjórnarmenn telja ekki að sveitarstjórn geti samþykkt reglur eða ákvæði sem ekki samrýmast landslögum sbr. að banna tjöldun á víðavangi. Hins vegar er hægt að beina tilmælum til fólks að það tjaldi ekki á víðavangi heldur nýti sér aðstöðu skipulagðra tjaldsvæða sem bjóða uppá hreinlætisaðstöðu ofl., Sveitarstjórn mun óska eftir því við Mývatnsstofu að inn í alla bæklinga á vegum stofunnar verði ábending um þetta ákvæði. Auk þess þarf að leita eftir samstöðu allra landeigenda um málið. Óskað verður eftir fundi með Vegagerðinni um úrbætur í vegamerkingum og umferðaröryggismálum.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar um heimild til viðbyggingar við Vogafjós. Varðandi skilyrðin hins vegar vill sveitarstjórn áréttta að gerður sé greinarmunur á umferð landbúnaðartækja við fjósið vegna búsrekstursins og umferð vinnuvéla á framkvæmdatíma byggingarinnar. Þá telur sveitarstjórn að staðsetning rúllustæðu við fjósið sé ekki efnisleg athugasemd við grenndarkynninguna og hefði átt að vísa frá á þeim forsendum. Sveitarstjórn hefur ekki enn borist svar

Umhverfisstofnunar við bréfi dags. 27. október s.l. þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um stækkun Vogafjóss.

4. Umsögn um gjaldskrá Brunavarna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Fyrir fundinum liggja drög að gjaldskrá Brunavarna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar (BSP). Gjaldskráin er samin af aðildarsveitarfélögum BSP, með heimild í lögum nr. 75/2000 og 1. mgr. 92 gr. laga nr. 138/2011, með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Fylgiskjal með gjaldskránni er gjaldskrá fyrir útleigu tækja BSP en tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og fylgiskjalið fyrir sitt leyti.

5. Erindi frá Landgræðslu ríkisins dags. 3. janúar, ósk um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.

Með bréfi dags. 3. janúar óskar Landgræðslan eftir 330.000,- kr. styrk við samstafsverkefnið Bændur græða landið.

Í Skútustaðahreppi eru nú skráðir 17 þátttakendur í verkefninu. Þeir bera árlega á um 50 tonn af áburði á 250 ha. lands. Þannig hafa verið græddir upp ótaldir hektarar af eyddu landi. Framlag Landgræðslunnar til áburðarkaupa var á árinu 2012 ríflega 3 milljónir króna, auk þess var úthlutað 300 kg. af fræi endurgjaldslaust til þátttakenda. Landgræðslan telur þetta verkefni mjög mikilvægt og leitar því fjárstuðnings Skútustaðahrepps. Stuðningur sveitarfélaga við verkefnið styrkir viðgang þess og eykur líkur á aðkomu fleiri bænda og annarra landeigenda við uppgæðslu lands síns. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

6. Bréf frá Jóni Helga Björnssyni f.h. Leigufélags Hvamms, ósk um hækkun yfirdráttarheimildar.

Með bréfi óskar Jón Helgi Björnsson eftir leyfi eignaraðila Leigufélags Hvamms til hækkunar á yfirdráttarheimild félagsins úr 5 í 10 milljónir króna. Samþykki sveitarfélaganna þarf þar sem þau eru í ábyrgð fyrir skuldbindingum Leigufélagsins. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir umbeðna ábyrgð fyrir sitt leyti.

7. Bréf nemenda 8-10 bekkjar Reykjahlíðarskóla.

Með bréfi óska nemendur 8-10 bekkjar Reykjahlíðarskóla eftir aðstöðu fyrir félagsmiðstöð. Slík aðstaða hafi verið til staðar fyrir einhverju síðan en starfssemi hætt sökum lítillar aðsóknar. Í bréfinu kemur fram að þau hafi kannað með aðstöðu í Íþróttamiðstöðinni og forstöðumaður þar tekið jákvætt í málið. Þá kemur einnig fram að foreldrar séu tilbúnir að skiptast á að vera með þeim þannig að ekki þurfi að ráða starfsmann sérstaklega vegna þess. Óskað er eftir aðstöðu á miðvikudögum einu sinni í viku frá kl. 16:00-18:00.

Sveitarstjórn fagnar erindinu og frumkvæðinu sem nemendur sýna með því og mun leitast við að finna leiðir til að uppfylla framkomna ósk. Sveitarstjóra falinn framgangur málsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Pétur Snæbjörnsson,
Friðrik K. Jakobsson.